

MENNINGAR- DAGSKRÁ FYRIR SKÓLAHÓPA

Hönnunarsafn Íslands, Bókasafn Garðabæjar og Tónlistarskóli Garðabæjar taka á móti skólahópum í sérsniðna dagskrá. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi og áhersla lögð á að nemendur fái að skapa, tjá sig og upplifa hönnun, bókmenntir og tónlist.

Laugardagur 30.október HREKKJAVÖKUHÁTÍÐ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

kl.11-14
Bókasafn Garðabæjar býður fjölskyldum að koma með grasker og áhöld og skera út en leiðbeinendur eru á staðnum og ekki verra ef gestir klæðast búningum.

kl.14
Hrekkjavökujazz í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Leifur Gunnarsson bassaleikari, Sunna Gunnlaugsdóttir píanóleikari ásamt söngkonunni Ingibjörgu Fríðu laða fram skuggalega jazzstemningu en gestir eru hvattir til að klæðast búningum.

Laugardagur 27.nóvember
kl.13-17

AÐVENTUHÁTÍÐ

Upphafi aðventu fagnað með merki-miðasmíðju frá 13-15 á Hönnunarsafninu, jólaleikriti frá kl.15 á Bókasafni Garðabæjar og jólatrés-skemmtun á Garðatorgi kl.16

Við langeldinn/Við eldhúsbordíð er yfirskrift verkefnis sem styrkt er af Barnamenningarsjóði Íslands og fer fram á Hönnunarsafni Íslands og Bókasafni Garðabæjar. Í fjölbreyttum smíðjum munu börn og fjölskyldur fá tækifæri til að velta fyrir sér lífinu á landnámsöld. Fornleifafræði, arkitektúr, bókmenntir, myndlist og hönnun er viðfangsefni smíðjanna sem tengjast allar landnáms-skálanum í Minjagarðinum að Hofsstöðum. Smíðjurnar eru ókeypis.

Sunnudagur 5.september
kl.13-15 Hönnunarsafn Íslands

Peningasmiðja með Rán Flygenring teiknara og Stefáni Pálssyni sagnfræðingi. Vangaveltur um gjaldmiðil landnámsmanna og peningaseðla samtímans. Að lokum verður gjaldmiðill framtíðarinnar hannaður í teiknismiðju.

Laugardagur 18.september
kl.13-15 Bókasafn Garðabæjar

Teiknimyndasmiðja þar sem lífið á landnámsöld er viðfangsefnið. Sögur lifna við en leiðbeinandi er Sól Hilmarsdóttir teiknari.

Sunnudagur 3.október
kl.13-15 Hönnunarsafn Íslands

Matvælaumbúðir þá og nú í hönnunarsmiðju með vöruhönnuðunum Auði Ösp Guðmundsdóttur og Emblu Vigfúsdóttur. Hönnun Kristínar Þorkelsdóttur skoðuð og í kjölfarið borið saman hvernig matvæli voru geymd og borin fram á landnámsöld og hvernig við gerum þetta í dag. Í smíðjunni förum við á flug og gerum hönnunartilraunir.

Laugardagur 16.október
kl.13-15 Bókasafn Garðabæjar

Ritsmiðja með rithöfundinum Brynhildi Þórarinsdóttur sem aðstoðar við gerð á sögum um börn á landnámsöld.

Sunnudagur 7.nóvember
kl.13-15 Hönnunarsafn Íslands

Langeldurinn vs. sjónvarpssófinn. Hvað er líkt og ólíkt með heimilum í gegnum tíðina? Skókassasmiðja sem byggir á landnáms-skála og nútímaheimili. Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir og Ásgerður Heimisdóttir hönnuð leiða smíðjuna.

Laugardagur 20.nóvember
kl.13-15 Bókasafn Garðabæjar

Hnefatafl, nútímatafl og aðrir leikir. Veltum vöngum, teflum og spilum saman.

Sunnudagur 5.desember
kl.13-15 Hönnunarsafn Íslands

Jólagjafir þá og nú. Fengu krakkar á landnámsöld gjafir? Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir og Ásgerður Heimisdóttir hönnuð leiða jólagjafasmiðju. Verkefnið er styrkt af  Barnamenningarsjóður Íslands

Hádegistónleikar með yfirskriftinni Tónlistarnæring eru í boði Menningar- og safnanefndar Garðabæjar, í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar. Tónleikarnir fara fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi 11. Dagskráin kemur á óvart, aðgangur er ókeypis.

Miðvikudagur 8.september
kl.12.15

KOLBEINN JÓN
KETILSSON tenór

Miðvikudagur 6.október
kl.12.15

GUÐRÚN JÓHANNA
ÓLAFSDÓTTIR mezzosópran
og FRANCISCO
JAVIER JÁUREGUI gítarleikari

Miðvikudagur 3.nóvember
kl.12.15

KRISTINN
SIGMUNDSSON bassi

Miðvikudagur 8.desember
kl.12.15

HALIVEIG
RÚNARSDÓTTIR sópran

VIÐ LANGELDINN/ VIÐ ELDHÚSBORDIÐ

TÓNLISTARNÆRING

MENNING Í GARÐABÆ

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

VIÐ LANGELDINN/ VIÐ ELDHÚSBORDIÐ

TÓNLISTARNÆRING

DAGSKRÁ

HAUST 2021



Nánari upplýsingar veitir menningarfulltrúi Garðabæjar, Ólöf Breiðfjörð í síma 820 8550 eða á netfangið olof@gardabaer.is

Einnig má finna upplýsingar um einstaka viðburði á facebooksiðu Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar. Heildardagskráin er aðgengileg í þjónustuveri og í menningarstofnunum sem og rafræn á vef Garðabæjar undir liðnum Mannlíf, gardabaer.is

Hönnunarsafn Íslands er staðsett á Garðatorgi 1 og er eina safn landsins sem sýnir, skráir og rannsakar íslenska hönnun og listiðnað. Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur sem og fullorðna eru haldnir reglulega og í safnbúð er gott úrval af hönnunarvöru.

Sýning

20.maí–30.desember

KRISTÍN PORKELSDÓTTIR

Listaverk í formi hversdagslegra hluta svo sem matvælaumbúða og peningaseðla eru meðal verka Kristínar Porkelsdóttur sem sýnd eru á skemmtilegan hátt á sýningunni. Þá gera skissur og tilraunir, óséð verk, merki þekktra fyrir-tækja og auglýsingar sýninguna enn forvitnilegri.

Safnið á röngunni

Í rannsóknarrými Hönnunarsafnsins fara fram skráningarverkefni, for-varsla og ýmskonar rannsóknir sem tengjast viðfangsefni safnsins. Vinnan fer fram fyrir opnum tjöldum svo gestir geta fylgst með.

–12.september

NÁTTÚRULITUN Í NÚTÍMASAMHENGÍ

10.október–27.febrúar 2022

SKRÁNING Á VERKUM HÖGNUM SIGURÐAR-DÓTTUR ARKITEKTS

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Vinnustofudvöl

Í anddyri safnsins er hönnuðum og handverksfólki boðið að dvelja í nokkrar vikur í senn og vinna í opnu rými. Gestum gefst þá færi á að fá innsýn inn í starf hönnuða og geta verslað verk sem verða til í vinnustofunni.

–19.september.

MÓDELSMIÐUR SVEINBJÖRN GUNNARSSON

8.október–30.desember

FATAHÖNNUÐUR SUNNA ÖRLYGSDÓTTIR

Safnbúðin

Vörur eftir marga íslenska hönnuði eru til sölu en úrval búðarinnar spannar fatnað fyrir börn og full-orðna, borðbúnað, bækur, skraut og annað sem íslenskir hönnuðir eru að fást við í dag. Vöurnar tengjast allar safneign og sýningum.

Smiðjan

Í Fræðslurými safnsins má finna stærðfræðiþrautaborð sem unnið er út frá hugmyndum Einars Þorsteins stærðfræðings og arki-tekts. Í Smiðjunni er einnig hægt að setjast niður og skapa, teikna eða föndra en í rýminu er tekið á móti skólahópum og haldin námskeið. Fyrsta sunnudag í mánuði fara fram smiðjur sem eru liður í verkefninu Við langeldinn/Við eldhúsborðið.

Leiðsagnir og spjall

Sunnudagur 19.september kl.13–15

Kristín Porkelsdóttir tekur á móti gestum.

Sunnudagur 17.október kl.13

Sýningarstjórar leiða gesti um sýninguna Kristín Porkelsdóttir.

Sunnudagur 21.nóvember kl.13–15

Kristín Porkelsdóttir tekur á móti gestum.

Fyrirlestrar og viðburðir

Föstudagur 8.október kl.16

Opnun á vinnustofudvöl Sunnu Örlýgsdóttur fatahönnuðar.

Sunnudagur 31.október kl.13

Fyrirlestur sýningarstjóranna Arnars Freys Guðmundssonar og Birnu Geirfinnsdóttur um hönnun Kristínar Þorkelsdóttur í tilefni af útgáfu bókar um ævistarf Kristínar.

Sunnudagur 14.nóvember kl.13

Fyrirlestur Kristínar Þorkelsdóttur um seðlahönnun.

14./21./28.október kl.17–19

Námskeið með Sunnu Örlýgsdóttur í frjálsum útsaumi. Verð 12.500 fyrir öll skiptin, skráning á tix.is.

Hönnunarsafn Íslands Garðatorgi 1 sími 512 1525

Opið alla daga nema mánudaga frá kl.12–17 Nánar á honnunarsafn.is og á facebook

Bókasafn Garðabæjar er staðsett á Garðatorgi 7 en einnig er útibú á Álftanesi. Safnið veitir þjónustu við allra hæfi, býr yfir góðum safnkosti og boðið er upp á viðburði fyrir börn og fullorðna. Safnið býður einnig upp á opna aðstöðu fyrir almenning að hittast, funda og miðla fróðleik.

Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur

Fyrsta laugardag í mánuði kl.13

Sögur og söngur með Þórönnu Gunný fyrir 2–6 ára börn.

Annan laugardag í mánuði kl.11.30

Lesið fyrir hund er samstarf við Vigdísí – félag gæludýra á Íslandi. Börn koma og lesa fyrir sér-þjálfaðan hund. Skráning með tölvupósti bokasafn@gardabaer.is

Þriðja laugardag í mánuði kl.13

Smiðjur fyrir alla fjölskylduna sem er liður í verkefninu Við langeldinn/Við eldhúsborðið.

Síðasta laugardag í mánuði kl.11

Föndur á borðum fyrir alla fjölskylduna og starfsmenn aðstoða.

Viðburðir fyrir fullorðna

Þriðja þriðjudag í mánuði kl.18

Laufleйти leshringurinn. Hvað lásum við í sumar?

19.október

Eldarnir og Eyland eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur. 16.nóvember & 21.desember Nánar síðar.

Annan hvern þriðjudag kl.10.30 (Hefst 28.september)

Klassíski leshringurinn. Rósa Þóra Magnúsdóttir bókmenntafræðingur leiðir umræður um verk Guðbergs Bergssonar.

Fimmtudagar kl.10.30

Foreldraspjall. 16.september Fræðsla um svefn og svefnvenjur ungra barna. Arna Skúladóttir fræðir. 14.október

Hrönn Guðjónsdóttir ungbarna- og heilsunuddari leiðbeinir um ungbarna-nudd.

Foreldraspjallið í nóvember auglýst síðar.

Síðasta þriðjudag í mánuði kl.18

Fróðleiksmolar. Fræðsla um bækur og áhugaverð dægurmálefni dagana 28. september, 26. október og 30. nóvember.

Annan hvern miðvikudag kl.16.30 (frá 15.september)

Garðaprjón. Hannyrðaklúbbur sem er vettvangur fyrir áhugasama sem geta fengið leiðbeiningar hjá Sigurbjörgu Hjartardóttur textilkennara.

16.nóvember kl.20

Bókaspjall. Upplestrarkvöld þar sem rithöfundar í jólabókaflóðinu kynna og lesa fyrir gesti.

Aðrir viðburðir

Bókasafnið býður upp á ýmsa viðburði í tengslum við dægurefni liðandi stundar. Nánari upplýsingar munu birtast á miðlum bókasafnsins.

Listsýningar

Gróska, félag myndlistarmanna í Garðabæ stendur fyrir sýningum á Bókasafni Garðabæjar. Álfheiður Ólafsdóttir sýnir í september, Margrét Jónsdóttir sýnir í október, Hulda Hreindal Sigurðardóttir sýnir í nóvember, Rúna K. Tetzschner sýnir í desember.

Bókasafn Garðabæjar Garðatorgi 7 sími 591 4550 opið alla virka daga kl.9–19, laugardaga kl.11–15 frá 15.ágúst til 31.maí

Álftanessafn Opið mánudaga til fimmtudaga kl.14–18, föstudaga kl.14–17

Nánar á bokasafn.gardabaer.is og á facebook